



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 5. febrúar, 2008

Ákvörðun nr. 8/2008

## **Samruni JPV útgáfu ehf. og Vegamóta ehf.**

### **I**

#### **Málsatvik og málsmeðferð**

##### **1.**

Með bréfi, dags. 28. september 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna JPV útgáfu ehf., Máls og menningar – Heimskringlu ehf. og Vegamóta ehf. (Hér eftir JPV annars vegar og MM hinsvegar nema þegar þörf er á að nefna Vegamót). Með bréfinu fylgdi samrunaskrá og fylgigögn. Í samrunaskránni kemur m.a. fram að um sé að ræða svokallaðan félagaréttarlegan og skattaegan samruna sem fari þannig fram að allar eignir og skuldir MM og Vegamóta renni inn í JPV. Í kjölfar samrunans muni hið nýja sameinaða félag bera nafnið Forlagið ehf. Ýmis gögn fylgdu með hinni endurbættu samrunaskrá.

Í gögnum málsins kemur fram að JPV sé útgáfufélag sem sé í eigu Eignarhaldsfélagsins Randvers ehf. að 85% hluta, en það félag sé að fullu í eigu Jóhanns Páls Valdimarssonar. Eignarhaldsfélagið Randver sé eingöngu eignarhaldsfélag og hafi enga starfsemi með höndum. Þá sé JPV að 15% hluta í eigu Egils Arnar Jóhannssonar. Mál og menning – Heimskringla og Vegamót séu bæði í eigu Máls og menningar bókmenntafélags, sem sé sjálfseignarstofnun sem starfi samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Þá kemur og fram að Vegamót hafi keypt hluta af Eddu útgáfu, þ.e. allan bókalager og útgáfurétt bóka á vegum Eddu forlags auk forlagsnafna, með undantekningum sem einkum varða rekstur bóka- og áskriftarklúbba Eddu. Fram kemur að hluthafar JPV muni fara með helming hlutafjár í hinu nýja félagi og hluthafi Vegamóta og Máls og menningar Heimskringlu muni fara með helming atkvæðaréttar. Þá segir í tilkynningunni að um sé að ræða svokallaðan félagaréttar- og skattaegan samruna sem fari þannig fram að allar eignir og skuldir MM og Vegamóta renni inn í JPV. Í kjölfar samrunans muni hið nýja sameinaða félag bera nafnið Forlagið ehf.

Með bréfi, dags. 6. nóvember 2007, tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Upphaf þriggja mánaða frests samkeppnisfirvalda til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag, sbr. sama lagaákvæði.



## 2.

Samkeppniseftirlitið aflaði upplýsinga um markaðinn hjá þeim bókaútgefendum, sem auglýstu bækur sínar í Bókatíðindum árið 2006, hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda sem gefur Bókatíðindin út, hjá embætti Ríkisskattstjóra og hjá Pennanum Eymundsson sem er langstærsti smásali bóka hérlandis. Þá aflaði stofnunin upplýsinga frá nokkrum keppinautum samrunaaðila, sem ekki auglýstu í Bókatíðindum 2006 auk viðbótargagna frá samrunaaðilum og Eddu útgáfu.

Málsaðilum var sent andmælaskjal, dags. 20. desember 2007, í samræmi við ákvæði 17. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Í andmælaskjalinu kom fram það mat Samkeppniseftirlitsins að samruni MM og JPV myndi raska samkeppni á bókamarkaði.

Samrunaaðilar óskuðu eftir því við Samkeppniseftirlitið í janúarmánuði, þegar þeir gerðu grein fyrir athugasemdum við andmælaskjal stofnunarinnar, að tekið yrði til skoðunar hvort grundvöllur væri til þess að ljúka málinu með því að samrunanum yrðu sett skilyrði sem eytt gætu samkeppnishindrunum sem Samkeppniseftirlitið teldi að honum kynnu að tengjast.

Við vinnslu málsins aflaði Samkeppniseftirlitið sjónarmiða hjá fjölmörgum aðilum á bókamarkaði.

## II

### Niðurstöður

#### 1.

Við mat á samruna samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn. Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta eru vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Samkeppniseftirlitið telur að sá markaður, sem þýðingu hafi í máli þessu, sé útgáfa og sala bókaforlaga á bókum sem almennt eru boðnar neytendum til sölu á markaði, s.s. í bókabúðum, bókamörkuðum, stórmörkuðum, söluturnum og öðrum verslunum og sölustöðum. Þá telur stofnunin að til markaðarins teljist einnig þær bækur sem falla að framangreindri skilgreiningu og gefnar eru út hér á landi fyrir íslenskan markað og seldar eru gegnum netverslanir, bókaklúbba eða



aðrar áskriftarleiðir. Telur stofnunin þetta víða skilgreiningu, en tók einnig mið af þrengri skilgreiningu, þar sem miðað var við sölu bókaforlaga til bókaverslana og annarra verslana sem selja bækur til almennra kaupenda bóka.

Landfræðilegur markaður sem málið varðar er að mati Samkeppniseftirlitsins landið allt, Ísland.

Telur stofnunin að fá megi góða vísbendingu í *Bókatíðindum*, riti sem gefið er út og dreift á öll heimili landsins fyrir jólin á hverju ári, um þann markað sem þýðingu hefur í máli þessu. Þó sé ljóst að mati stofnunarinnar, að sumir þeirra aðila sem auglýsa bækur sínar þar selji bækur sínar í afar takmörkuðu magni, og veiti takmarkað samkeppnislegt aðhald. Þá auglýsi sumir útgefendur bóka sem ætlaðar eru almenningi ekki bækur sínar þar. Voru *Bókatíðindi 2006* höfð til viðmiðunar um það, hvaða fyrirtæki störfuðu á þeim markaði sem þýðingu hefur í málinu, en fleiri fyrirtæki töldust starfa á markaðnum.

## 2.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga.

Ljóst er að staða samrunaaðila á þeim mörkuðum sem máli skipta er afar sterk. Þannig nýtur MM um 40 – 45 % markaðshlutdeild á almennum bókamarkaði vítt skilgreindum, og JPV um 15 – 20% hlutdeildar. Samtals njóta fyrirtækin því um 55 – 60 % markaðshlutdeildar miðað við veltu árið 2006. Sé litið til þrengri skilgreiningar og miðað við sölu bókaforlaga til verslana eingöngu er markaðshlutdeild þessara aðila ívið meiri.

Þá benda gögn málsins til þess að samrunaaðilar eigi afar öflugan svonefndan baklista, þ.e.a.s. útgáfuréttindi og birgðir af bókum, eftir ýmsa metsöluhöfunda auk ýmissa uppsláttarrita og stórvirkja. Telur stofnunin að hinn öflugi baklisti samrunaaðila myndi að vissu marki aðgangshindrun að markaði, enda hafi samrunaaðilar yfir að ráða bókatitlum sem spanni mjög yfirgripsmikið svið, og eigi því hægt um vik að bregðast við samkeppni af hálfu nýrra forlaga sem komi inn á markaðinn eða af hálfu þeirra forlaga sem þar starfa nú.

Þá telur Samkeppniseftirlitið að samrunaaðilar muni hafa styrkari stöðu en keppinautar í samskiptum við smásala og að staða smærri bóksala sér í lagi sé veik.

Einnig telur Samkeppniseftirlitið að samrunaaðilar hafi sterka stöðu gagnvart rithöfundum og öðru fagfólki sem vinnur að útgáfu bóka. Í því sambandi má nefna að samrunaaðilar hafa á undanförunum árum gefið út afar drjúgan hluta þeirra bóka sem mestrar viðurkenningar njóta, s.s. þeirra bóka sem hljóta Íslensku bókmenntaverðlaunin eða eru tilnefndar til þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins verður að telja að hin mikla opinbera viðurkenning á útgáfustarfi JPV og MM sé samrunaaðilum styrkur gagnvart neytendum og einnig gagnvart höfundum og öðrum þeim sem við bókaútgáfu starfa.



Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að JPV og MM muni eftir samruna njóta markaðsráðandi stöðu á markaði fyrir bækur sem almennt eru boðnar neytendum til sölu á markaði, s.s. í bókabúðum, bókamörkuðum, stórmörkuðum, söluturnum og öðrum verslunum og sölustöðum. Telur stofnunin að til álita komi, að MM eitt og sér teljist styrkja markaðsráðandi stöðu sína með samrunanum, en á hinn bóginn er að mati stofnunarinnar ekki þörf á því að taka afstöðu til þess atriðis í máli þessu.

Í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins, sem sent var samrunaaðilum 20. desember sl. var þeim kynnt það frummat Samkeppniseftirlitsins að samruninn færi gegn markmiði samkeppnislaga og var, jafnframt því að leitað var athugasemda og sjónarmiða vegna andmælaskjalsins, samrunaaðilum gefinn kostur á að tilgreina skilyrði sem þeir teldu að gætu eytt þeim samkeppnishömlum sem í samrunanum fælust, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2001 *Mjólkurfélag Reykjavíkur svf. Lýsi hf. og Fóðurblandan hf. gegn samkeppnisráði*. Samrunaaðilar lögðu til skilyrði sem þeir töldu að þjónuðu ofangreindum tilgangi og þeir treystu sér til að starfa við. Skilyrðin lúta bæði að því að hafa áhrif á gerð markaðarins og á háttsemi hins sameinaða bókaforlags.

Meginsjónarmið sem samkeppnisyfirvöldum ber að horfa til þegar þau setja samruna skilyrði er að skilyrðin dugi til að viðhalda samkeppni á þeim markaði eða mörkuðum sem samruninn hefur áhrif á. Svo sem rakið er hér að ofan eru ástæður þess að Samkeppniseftirlitið telur samrunann hindra virka samkeppni m.a. öflugur baklisti samrunafyrirtækjanna og sterk staða þeirra gagnvart höfundum og öðrum þeim sem starfa við bókagerð.

Viðræður við samrunaaðila hafa leitt til þess að Forlagið hefur gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. a samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda nr. 880/2005. Sáttin felur í sér tuttugu og eitt tölusett skilyrði sem m.a. fjalla um að Forlagið láti frá sér tiltekin útgáfuréttindi, þ.e. réttindi til að gefa út tilteknar bækur og ritsöfn, ásamt birgðum af þessum bókum og ritsöfnum, í því skyni að draga úr markaðsstyrk samrunaaðila gagnvart keppinautum. Þá hefur Forlagið undirgengist ýmis önnur skilyrði sem ætlað er að efla samkeppni og vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans, sbr. nánari sundurliðun í ákvörðunarorði.

Þau skilyrði sem Forlagið hefur fallist á að hlíta duga að mati Samkeppniseftirlitsins til að eyða þeim samkeppnislegu vandamálum sem ella hefðu skapast með samruna þessum.

### III Ákvörðunarorð:

**„Með samruna JPV ehf. og Vegamóta ehf. sem Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um með samrunatilkynningu dags. 28. september 2007, átti sér**



stað samruni tveggja fyrirtækja á sviði bókaútgáfu. Samkeppniseftirlitið telur að samruninn sé skaðlegur samkeppni. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga og til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni eru eftirtalin skilyrði sett fyrir samrunanum.

#### A. Skilyrði um sölu eigna

##### 1. gr.

**Skilgreiningar:**

**Söluandlag:** Þau útgáfuréttindi og bókverk sem samrunaaðilar lofa með sátt þessari að selja. Söluandlagið er nánar útlistað í 3. gr.

**Fyrri sölutímabil:** [ ... .. ]<sup>1</sup>

**Síðara sölutímabil:** [ ... .. ]<sup>2</sup>

**Umsjónarmaður söluandlags:** Tilsjónarmaður skipaður til að gæta þess að virði söluandlagsins rýrni ekki og tryggja að skilyrðum ákvörðunar þessarar verði fylgt.

**Söluaðili:** Sá aðili sem skipaður er á síðara sölutímabili til þess að selja söluandlagið.

##### 2. gr.

Til þess að tryggja virka samkeppni samþykkir Forlagið að selja söluandlagið á fyrri sölutímabili eða að fela söluaðila að selja söluandlagið á síðara sölutímabili í samræmi við nánari skilmála skilyrða þessara.

Skal Forlagið leitast eftir fremsta megni við að selja söluandlagið á fyrri sölutímabili samkvæmt skilmálum sem eru Forlaginu þóknanlegir. Takist Forlaginu ekki að selja söluandlagið á fyrri sölutímabili skal skipa söluaðila í samræmi við 11. gr. skilyrða þessara til þess að selja söluandlagið á síðara sölutímabili.

##### 3. gr.

Til söluandlagsins telst: [ ... .. ]<sup>3</sup>

Skulu eignirnar seljast kvaðalausar með þeim takmörkunum sem leiða af takmörkunum á framseljanleika höfundarréttinda og skulu þeim fylgja öll efnisleg og óefnisleg réttindi tengd eignunum. Viðskiptamannaskrár, opinber leyfi, markaðsefni og önnur sambærileg verðmæti skulu jafnframt fylgja með framangreindum verðmætum eftir því sem við verður komið.

---

<sup>1</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>2</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>3</sup> Fellt út vegna trúnaðar.



**4. gr.**

Forlagið skal ekki, fyrir eða eftir sölu söluandlagsins, grípa til aðgerða í því skyni að hafa neikvæð áhrif á verðmæti eða seljanleika söluandlagsins.

**5. gr.**

Forlagið skal halda söluandlaginu aðgreindu í sínum rekstri frá töku ákvörðunar þessarar og tryggja að upplýsingar um sölu úr söluandlaginu séu aðgengilegar. Umsjónarmaður söluandlags fylgist með rekstri söluandlagsins og gætir þess að skilyrðum sáttar þessarar sé fylgt.

**6. gr.**

Umsjónarmaður söluandlags skal upplýsa Samkeppniseftirlitið um hugsanleg brot á skilyrðum þessum og framvindu sölu söluandlagsins.

**7. gr.**

Kaupandi eða kaupendur söluandlagsins skulu vera óháðir samrunaaðilum, hafa fullnægjandi þekkingu á hinum selda rekstri og hafa fullnægjandi aðgang að fjármagni til þess að kaupa söluandlagið.

Skal bera hugsanlega kaupendur undir Samkeppniseftirlitið áður en samningum er lokið. Skal Samkeppniseftirlitið synja Forlaginu um sölu á eyði hún ekki samkeppnislegum vandamálum eða brjóti í bága við skilyrði þessi.

**8. gr.**

Umsjónarmaður hins selda skal vera lögráða, fjár síns ráðandi og má ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Skal Samkeppniseftirlitið skipa umsjónarmann að fengnu álit Forlagsins. Takist Forlaginu og Samkeppniseftirlitinu ekki að koma sér saman um umsjónarmann innan þriggja vikna skal Samkeppniseftirlitið skipa umsjónarmann einhliða.

**9. gr.**

Umsjónarmaður söluandlags skal gæta þess að skilyrðum ákvörðunarinnar sé fylgt. Skal umsjónarmaður söluandlags jafnframt grípa til allra þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja að skilyrðin séu uppfyllt. Skulu samrunaaðilar leitast við að aðstoða umsjónarmann söluandlagsins eftir föngum, þ.m.t. verða við ábendingum hans um hvernig tryggja megi betur að skilyrðum ákvörðunar þessarar sé fylgt.



**Sinni umsjónarmaður ekki skyldum sínum skal Samkeppniseftirlitið þegar í stað skipa nýjan umsjónarmann.**

**10. gr.**

**Samkeppniseftirlitið getur, telji það ástæðu til, framlengt fyrra sölutímabilið svo sem ef samningar eru langt komnir, ástæða er til þess að ætla að samningar geti náðst eða af öðrum ástæðum sem Samkeppniseftirlitið metur fullnægjandi.**

**11. gr.**

**Hafi söluandlagið ekki selst á fyrra sölutíma skal skipaður söluaðili. Skal það gert áður en fyrra sölutímabili er lokið. Má skipa hvort heldur sem er einstakling eða lögaðila. Skal viðkomandi einstaklingur vera lögráða, fjár síns ráðandi og má ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld sé um einstaklinga að ræða. Skal söluaðili hafa reynslu af viðskiptum með fyrirtæki eða eignir sambærilegar söluandlagi.**

**Skal söluaðili skipaður af Samkeppniseftirlitinu eftir ábendingu samrunaaðila. Geti Samkeppniseftirlitið ekki samþykkt þá aðila sem samrunaaðilar benda á skal gerðardómur velja söluaðila.**

**Sinni söluaðili ekki skyldum sínum skal Samkeppniseftirlitið þegar í stað skipa nýjan.**

**Áður en söluaðili tekur til starfa skal Forlagið gera honum og Samkeppniseftirlitinu grein fyrir verðhugmyndum sínum um söluandlagið og á hverju verðhugmyndirnar eru byggðar.**

**Hlutverk söluaðila er að selja söluandlagið. Skal söluaðili leitast við að fá fram sem hagstæðasta söluskilmála fyrir söluandlagið en jafnframt tryggja að markmiðum ákvörðunar þessarar verði náð. Samkeppniseftirlitið skal upplýst um öll tilboð. Nú berst tilboð sem að mati Samkeppniseftirlitsins er ásættanlegt og útséð er um að betra tilboð berist og getur þá Samkeppniseftirlitið ákveðið að því tilboði skuli tekið, þó að fenginni afstöðu Forlagsins.**

**Verði ekki árangur af sölutilraunum á síðara sölutímabili getur Samkeppniseftirlitið framlengt síðara sölutímabil ef stofnunin telur að staða samrunaaðila á markaði geri það að verkum að slíkt sé nauðsynlegt.**

**12. gr.**

**Kostnaður sem til fellur vegna umsjónarmanns söluandlags og söluaðila skal greiddur af samrunaaðilum. Falli til annar kostnaður vegna skilyrða þessara skal hann greiddur af samrunaaðilum. Haft skal samráð við Forlagið um samninga sem verða grundvöllur kostnaðar samkvæmt þessu ákvæði.**



## **B. Önnur skilyrði**

### **13. gr.**

**Forlagið semji aðeins um útgáfurétt á einum bókartitli hverju sinni við þá rithöfunda sem Forlagið gerir útgáfusamninga við.**

### **14. gr.**

**Forlagið ákveði aðeins forlagsverð (heildsöluverð) þeirra bóka sem Forlagið gefur út og selur til endurseljenda bóka. Forlaginu verði óheimilt að hafa nokkur afskipti af söluverði endurseljenda eða birta með neinu móti söluverð endurseljenda á bókum sem Forlagið gefur út.**

### **15. gr.**

**Forlaginu er óheimilt að veita endurseljendum afslátt frá heildsöluverði bóka sinna nema Forlagið geti með óbyggjandi hætti sýnt fram á kostnaðarlegt hagræði af viðskiptum við viðkomandi endurseljenda sem sé í samræmi við afsláttinn.**

### **16. gr.**

**Forlaginu er óheimilt að gera hvers kyns einkakaupasamninga við endurseljendur bóka.**

### **17. gr.**

**Forlaginu er óheimilt að beita hvers kyns samtvinnun í viðskiptum sínum við endurseljendur. Með þessu er til dæmis átt við að Forlaginu sé óheimilt að tengja sölu á einstökum bókartitlum sínum skilyrðum á borð við það að endurseljandi selji einnig aðrar bækur Forlagsins, eða að Forlagið taki þátt í kostnaði við auglýsingar með sambærilegu skilyrði um sölu á tilteknum öðrum bókartitlum.**

### **18. gr.**

**Forlaginu er ekki heimilt að mismuna endurseljendum bóka í hvers kyns kynningarstarfi, auglýsingaherferðum, eða með efni sem snýr að uppstillingu og auglýsingu (framstillingu og uppstillingu) bóka í verslunum endurseljenda nema slík mismunun byggist á almennum viðskiptalegum sjónarmiðum.**

### **19. gr.**

**[ ... .. ]<sup>4</sup>**

### **20. gr.**

**Skilyrði ákvörðunar þessarar taka til samrunaaðila og annarra fyrirtækja sem eru og verða til innan samstæðu hvers samrunaaðila fyrir sig.**

### **21. gr.**

---

<sup>4</sup> Fellt út vegna trúnaðar.





**Brot á þessum skilyrðum varðar viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga.**

**Ákvæði 14. og 15. greinar taka gildi 1. janúar 2009 þannig að Forlagið hafi svigrúm til þess að aðlaga samninga við endurseljendur og eigið tölvukerfi að breyttu verðlagningarkerfi. Þó skuldbindur Forlagið sig til þess að birta ekki í Bókatíðindum 2008 leiðbeinandi smásöluverð á sínum bókum.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson